

Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2016

- Rekstrartekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi voru 57,2 m€ og 152,5 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2015: 56,2 m€, fyrstu níu mánuðum 2015: 166,6 m€)
- EBITDA nam 19,2 m€ á þriðja ársfjórðungi og 40,1 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2015: 15,6 m€, fyrstu níu mánuðum ársins 2015: 46,9 m€)
- Hagnaður á þriðja ársfjórðungi var 12,7 m€ og á fyrstu níu mánuðum ársins 25,2 m€ (3F 2015: 9,1 m€, fyrstu níu mánuði 2015: 31,2 m€)
- Handbært fé frá rekstri nam 14,5 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (fyrstu níu mánuði 2015: 26,6 m€)

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur				
í þúsundum evra	3F2016	3F2015	9M2016	9M2015
Seldar vörur	57.215	56.235	152.451	166.609
Kostnaðarverð seldra vara	(35.971)	(38.039)	(107.515)	(111.183)
Vergur hagnaður	21.244	18.196	44.936	55.426
Aðrar tekjur	0	0	0	4.956
Útflutningskostnaður	(3.319)	(3.857)	(8.496)	(9.975)
Annar rekstrarkostnaður	(2.425)	(1.856)	(7.414)	(8.481)
Rekstrarhagnaður	15.500	12.483	29.026	41.926
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(1.239)	(1.159)	(1.930)	(1.174)
Áhrif hlutdeildarfélagss	1.240	88	2.990	(2.880)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	15.501	11.412	30.086	37.872
Tekjuskattur	(2.832)	(2.272)	(4.930)	(6.709)
Hagnaður tímabilsins	12.669	9.140	25.156	31.163
EBITDA	19.177	15.649	40.139	46.904

Rekstur fyrstu níu mánaða ársins 2016

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 námu 152,5 m€, samanborið við 166,6 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 40,1 m€ eða 26,3% af rekstrartekjum, en var 46,9 m€ eða 28,2% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 1,9 m€, en voru neikvæð um 1,2 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélagss voru jákvæð um 3,0 m€, en voru neikvæð um 2,9 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 30,1 m€ og hagnaður tímabilsins var 25,2 m€.

Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2016

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 457,7 m€ í lok september 2016. Þar af voru fastafjármunir 365,9 m€ og veltufjármunir 91,8 m€. Eigið fé nam 249,2 m€, eiginfjárhluttfall í lok september var 54,4%, en var 62,2% í lok árs 2015. Heildarskuldir félagsins voru í septemberlok 208,5 m€.

Efnahagsreikningur 30.09.2016 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.09.2016	31.12.2015
Fastafjármunir	365.876	319.658
Veltufjármunir	91.808	75.708
Eignir samtals	457.684	395.366
Eigið fé	249.164	245.843
Langtímaskuldir	103.680	109.750
Skammtímaskuldir	104.840	39.773
Eigið fé og skuldir samtals.....	457.684	395.366

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 14,5 m€ á tímabilinu, en nam 26,6 m€ á sama tíma fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar námu 48,5 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 34,0 m€. Handbært fé í lok september var því 11,2 m€ sem er það sama og í árslok 2015.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2016	2015
í þúsundum evra	1.1.-30.09	1.1.-30.09.
Handbært fé frá rekstri	14.543	26.592
Fjárfestingarhreyfingar	(48.541)	(29.281)
Fjármögnunarhreyfingar	33.980	(17.357)
Lækkun á handbæru fé.....	(18)	(20.046)
Handbært fé í lok tímabilsins.....	11.186	4.681

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrstu níu mánaða ársins 2016 (1 evra = 137,18 kr) verða tekjur 20,9 milljarðar króna, EBITDA 5,5 milljarðar og hagnaður 3,5 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. september 2016 (1 evra = 127,52 kr) verða eignir samtals 58,4 milljarðar króna, skuldir 26,6 milljarðar og eigið fé 31,8 milljarðar.

Skipastóll og afli

Skipafloiti félagsins var óbreyttur frá áramótum.

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 var afli skipa félagsins 37 þúsund tonn af botnfiski og 80 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2016

Kynningarfundur þann 1. desember 2016

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 1. desember klukkan 8:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.